

T I L L A G A

að starfsreglum um prófasta.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Gísla Jónassyni.

Frsm. Gísli Jónasson.

1. gr.

■ Biskupsdæmi Íslands skiptist í níu prófastsdæmi:

Suðurprófastsdæmi.

Kjalarnessprófastsdæmi.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Vesturlandsprófastsdæmi.

Vestfjarðaprófastsdæmi.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Austurlandsprófastsdæmi.

2. gr.

■ Í hverju prófastsdæmi er ráðinn prófastur sem er trúnaðarmaður biskups og ráðgjafi í kirkjulegum málum og hefur í umboði biskups Íslands tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu, embættisfærslum presta, þjónustu presta og djákna og starfi sóknamefnda. Hann er ráðgjafi og tilsjónarmaður þessara aðila og hefur aga- og stjórnunarvald í umboði biskups Íslands.

□ Heimilt er að ráða prófast til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu óháð mörkum prófastsdæma, svo sem sérþjónustu kirkjunnar. Sé það ekki gert skal þjónustan heyra undir umsjón Reykjavíkurprófastsdæmis vestra með þeirri undantekningu, að prestur innflytjenda og þjónusta við alþjóðlega söfnuðinn skal heyra undir umsjón Reykjavíkur-prófastsdæmis eystra.

□ Þegar prófastur hefur verið valinn skal biskup sjá um að hann hljóti þjálfun til starfsins, sem m.a. annars felur í sér kynningu á starfsskyldum prófaste og þeim starfsreglum sem um þjónustuna gilda. Einnig skal hann fá þjálfun í sálgæslu, samtalstækni, handleiðslu og sáttamiðlun eftir því sem við getur átt. Prófastur skal

njóta reglulegrar handleiðslu samkvæmt ákvörðun biskups Íslands. Sömuleiðis skal biskup sjá próföstum fyrir námskeiðum og annarri endurmenntun eftir því sem þurfa þykir.

- Biskup setur hverjum prófasti erindisbréf.

3. gr.

■ Komið skal upp fastri starfsaðstöðu prófasts í hverju prófastsdæmi í samráði við héraðsnefnd.

- Skrifstofa prófasts skal staðsett á þeim stað sem best þykir henta vegna þjónustunnar í hverju prófastsdæmi í samráði við héraðsnefnd.

4. gr.

■ Prófastsdæmin eru flokkuð í þrjá flokka eftir mannfjölda og umfangi:

A flokkur: Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og Kjalarnessprófastsdæmi. Í þessum prófastsdæmum skulu vera héraðsprestar eftir aðstæðum í fullu- eða hlutastarfi.

B flokkur: Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Suðurprófastsdæmi. Í þessum prófastsdæmum eru að jafnaði ekki héraðsprestar nema biskup meti sérstaka þörf fyrir slíka þjónustu. Sömuleiðis geta prestar prófastsdæmisins gengt ákveðnum héraðsprestsskyldum auk prófastanna.

C flokkur: Vesturlandsprófastsdæmi, Vestfjarðaprófastsdæmi, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og Austfjarðaprófastsdæmi. Í þessum prófastsdæmum eru ekki héraðsprestar en prestar prófastsdæmisins geta auk prófastanna gengt ákveðnum héraðsprestsskyldum.

- Í A og B flokkum er embætti prófasts að jafnaði fullt starf en í flokki C skal prófastur einnig gegna annarri prestsþjónustu og/eða öðrum viðbótarskyldum samkvæmt nánari ákvörðun biskups.

5. gr.

■ Embætti prófasts skal auglýst með sambærilegum hætti og önnur prestsembætti.

- Gerðar skulu sérstakar hæfniskröfur sem lúta að þekkingu og reynslu af stjórnunar- og skipulagsstörfum, sem og af handleiðslu, sálgæslu og öðrum mannauðsmálum.

□ Biskup ræður prófast úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn þriggja manna ráðgjafanefndar sem er skipuð einum fulltrúa biskups Íslands, einum fulltrúa guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og einum fulltrúa tilnefndum

af Prófastafélagi Íslands. Einnig getur biskup leitað umsagnar þjónandi presta, djákna og formanna sóknarnefnda í prófastsdæminu.

6. gr.

■ Biskup setur annan prest í prófastsdæminu eða nágrannaprófast til að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna lengri fjarveru, leyfis eða veikinda prófasts, prófasts missir við, eða er veitt lausn um stundarsakir.

□ Annars leysir prestur, kosinn í héraðsnefnd, prófast af í hefðbundnum fríum og til vara varamaður hans í héraðsnefnd.

7. gr.

■ Reglur um sérstakt hæfi kirkjuþingsfulltrúa gilda um störf prófaste. Biskup sker úr um hvort um vanhæfi er að ræða. Víki prófastur sæti í tilteknu máli vegna vanhæfis setur biskup prófast til að fara með málefni það sem um er að tefla.

8. gr.

■ Prófastur fylgist með því að réttur kirkjunnar sé virtur í hvívetna.

□ Prófastur er, sem fulltrúi biskups Íslands í prófastsdæminu, leiðtogi vígðra þjóna prófastsdæmisins.

□ Prófastur skal eiga regluleg starfsmannasamtöl við vígða þjóna prófastsdæmisins eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Hann skal eiga reglulega fundi með prestum, djáknum, sóknarnefndarformönnum og öðru starfsfólki safnaðanna, eftir því sem við getur átt. Þá ber honum að sjá til þess að prestar og djáknar njóti handleiðslu og annars þess stuðnings í starfi sem þörf er á.

□ Prófastur beitir sér fyrir námskeiðahaldi til fræðslu fyrir presta, starfsfólk safnaða og aðra sem taka þátt í starfi kirkjunnar. Hafa skal samráð við önnur prófastsdæmi um námskeiðahald ef henta þykir.

□ Prófastur fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjuþings er varðar kirkjulegt starf í prófastsdæminu.

□ Prófastur er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

□ Prófastur varðveitir embættisbækur og önnur gögn prófastsdæmisins tryggilega.

9. gr.

■ Biskup Íslands getur falið prófasti einstök mál sem varða kirkjulegt starf.

□Prófastur veitir biskupi og vígslubiskupi umdæmisins eftir því sem við getur átt, þá aðstoð, sem þeir óska eftir. Prófastur aðstoðar biskup og vígslubiskup við undirbúning og framkvæmd vísitasíu þeirra og fylgir þeim um prófastsdæmið á vísitasíuferðum.

10. gr.

■Prófastur kemur að vali prests, sbr. 6. mgr. 7. gr og veitir jafnframt liðsinni sitt við almennar prestskosningar, ef kjörstjórn fer þess á leit, sbr. 3. mgr. 14. gr. um ráðningu í preststörf og starfslok nr. 144/2016, með síðari breytingum.

11. gr.

■Prófastur sér til þess, í umboði biskups Íslands, að sóknarbörn njóti þeirrar prestsþjónustu sem þeim ber. Hann skipuleggur afleysingaþjónustu vegna vikulegs frídags, skammvinnra veikinda og sumarleyfa presta í prófastsdæminu. Hann annast um viðveruskyldu og skipulag bakvakta, m.a. í ljósi viðbragðaáætlunar kirkjunnar við hópslysum. Prófastur sér til þess að vígðir þjónar kirkjunnar í prófastsdæminu njóti tilskilinna réttinda s.s. til orlofs og námsleyfa.

12. gr.

■Prófastur stýrir samstarfi presta um kirkjulega þjónustu í prófastsdæminu, m.a. þjónustu á sjúkrastofnunum og dvalarheimilum aldraðra.

13. gr.

■Prófastur sér til þess að gert sé skriflegt samkomulag um skiptingu starfa milli presta þar sem fleiri en einn prestur þjónar í prestakalli.

14. gr.

■Prófastur skipuleggur starf héraðsprests í samráði við biskup og héraðsnefnd. Héraðsprestur starfar undir stjórn prófasts.

15. gr.

■Prófastur setur nýja presta í embætti og afhendir þeim embættisbækur og gögn að boði biskups.

□Prófastur ber ábyrgð á síðari hluta starfsþjálfunar eftir að óvígður kandídat hefur fengið embætti í prófastsdæmi hans, sbr. 4. gr. í starfsreglum um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, með síðari breytingum.

16. gr.

■Prófastur er formaður héraðsnefndar, sbr. 8. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 982/2020. Hann tekur við erindum og fyrirspurnum til úrlausnar og annast að öðru leyti þá stjórnýslu sem honum er falin samkvæmt starfsreglunum.

17. gr.

■Prófastur er formaður stjórnar héraðssjóðs, sbr. 11. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 982/2020.

□Prófastur hefur vörslur og annast gjafa- og líknarsjóði í prófastsdæmi ef því er að skipta og gerir árlega reikningsskil til kjörinna endurskoðenda.

18. gr.

■Prófastur fer, ásamt biskupi Íslands, með yfirstjórn kirkjugarða í prófastsdæminu, sbr. lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, með síðari breytingum, og sinnir öðrum lögboðnum skyldum samkvæmt þeim lögum.

19. gr.

■Prófastur annast um þær úttektir í prófastsdæminu sem hér greinir:

- a) Úttekt á nýbyggðri kirkju og eignum hennar svo og þegar kirkja hefur verið endurbyggð.
- b) Úttekt á kirkju þegar hún hefur verið afhent söfnuði.
- c) Úttekt á prestssetri við starfslok sóknarprests eða prests og við afhendingu prestsseturs til viðtakandi sóknarprests, prests eða þjóðkirkjunnar.
- d) Úttekt á prestssetri þegar gagnngerar endurbætur hafa átt sér stað þar eða þegar þess er óskað af lögbærum aðilum.
- e) Úttekt á kirkju, sem lögð er niður eða réttarstöðu hennar er breytt, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. starfsreglna um kirkjur og safnaðarheimili nr. 822/2000, með síðari breytingum.

20. gr.

■Prófastur hefur tilsjón með prestssetrum, kirkjum, kirkjueignum og kirkjugörðum og grafreitum. Í eftirlitsskyldu prófasts felst að hann gæti þess að réttindi gangi ekki undan, að umgengni sé góð og að rekstur og öll meðferð og afnot eigna séu við hæfi og samkvæmt lögum og reglum. Prófastur beitir sér fyrir því að hlutaðeigandi vörslumaður eða umráðandi bæti úr ef annmarkar þykja vera á meðferð réttinda og eigna samkvæmt framanskráðu. Ef tilmælum prófasts er ekki sinnt sendir prófastur biskupi málið til úrlausnar.

21. gr.

■Prófastur vísitarar prestaköll, söfnuði, kirkjur, kapellur, kirkjugarða og grafreiti reglubundið. Við skipulag vísitasía sinna gætir prófastur samræmis við ákvörðun biskupafundar um skipulag á vísitasíum biskups Íslands og vígslubiskupa. Prófastur vísitarar einnig þegar þess er sérstaklega óskað svo sem vegna meiri háttar framkvæmda á vegum safnaða eða vegna sérstakra viðburða svo sem kirkjuhátíða.

□Prófastur heldur vísitasíubók sem varðveitir kirkjulýsingar og munaskrá og sendir biskupi endurrit úr henni að lokinni vísitasíu sem og fundargerðir.

22. gr.

■Á vísitasíum skal prófastur annast eftirlit með kirkjum og eignum þeirra, kapellum, kirkjugörðum, grafreitum og prestssetrum og geta um ástand þeirra. Prófastur skal kanna kirkjusókn, helgihald, sálgæslu, kærleikspjónustu, barna og æskulýðsstarf, fræðslumál og annað safnaðarstarf. Hann skal kanna samskipti presta, sóknarnefnda, starfsfólks og safnaðar. Hann skal hafa eftirlit með því að prestspjónustubækur og gjörðabækur sóknarnefnda séu samviskusamlega færðar.

□Prófastur skal styðja sérstaklega þá aðila, sem getið er í 3. málslíð 1. mgr. í þjónustu sinni og safnaðarstarfi. Hann skal veita þeim leiðsögn og hvatningu og leiðbeina um góða starfshætti. Prófastur annast um að misfellum í þeim efnunum, sem getið er 1. mgr. sé komið í rétt horf og gera biskupi viðvart ef tilefni er til.

23. gr.

■Prófastur veitir kirkjustjórninni umsögn um tiltekin málefni ef óskað er eða vekur athygli kirkjustjórnar á málefni að eigin frumkvæði telji hann það nauðsynlegt, þ.m.t. mál er varða almennt framtíðarskipulag kirkjustarfs.

24. gr.

■Prófastur áritar prestþjónustubækur og gerðabók sóknarnefnda og safnaðarfunda, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir.

25. gr.

■Prófasti er skylt að mæta á árlegan prófastafund er biskup boðar.

26. gr.

■Prófasti ber að annast um:

a) að biskupi Íslands berist árlega skýrslur úr öllum prestaköllum prófastsdæmisins,

- b) að biskupi berist ársreikningar sókna, kirkjugarða og þeirra kirkjumiðstöðva sem í prófastsdæminu eru,
- c) skýrslugerð og upplýsingamiðlun til kirkjustjórnarinnar,
- d) að halda skrá um allar sóknarnefndir og safnaðarfulltrúa, kjörnefndir og starfsmenn safnaða og gera biskupi viðvart um allar breytingar,
- e) að færa bréfabók,
- f) að halda vísitásiubók, sbr. 21. gr.
- g) staðfesta akstursbækur presta hafi biskup falið próföstum það.
- h) upplýsingamiðlun til sóknarprests og kjörprests um leysing sóknarbands og afturköllun hennar samkvæmt gildandi starfsreglum um sóknir og sóknarnefndir hverju sinni

27. gr.

■Prófastur skal annast sáttaumleitarnir innan prófastsdæmisins þegar trúnaðarmönnum eða starfsmönnum, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli.

□Prófastur skal ljúka sáttaumleitarnir sinni að jafnaði innan fjögurra vikna. Sé mál á hendi annarra kirkjulegra aðila á þeim tíma eða til meðferðar fyrir dómstólum skal prófastur ekki hafa frekari aðkomu að því.

□Prófastur skal skila vígslubiskupi skriflegu álitum ef sættir takast ekki.

28. gr.

■Prófastur skal hafa eftirlit með því, að prestar skili embættisskýrslum til Þjóðskrár Íslands

29. gr.

■Prófastur tekur við og varðveitir skrá frá Minjastofnun Íslands um friðlýsta gripi hverrar kirkju og minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012, með síðari breytingu.

30. gr.

■Ef starf prests getur fallið undir tvö eða fleiri prófastsdæmi, prestur starfar erlendis eða óljóst þykir að öðru leyti undir hvaða prófastsdæmi embætti fellur, ákveður biskup undir hvaða prófastsdæmi viðkomandi embætti heyrir.

31. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/ 2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar. Jafnframt falla brott starfsreglur um prófaste nr. 966/2006 frá sama tíma.

Ákvæði til bráðabirgða:

Öll prófastsstörf verða lögð niður í núverandi mynd frá og með 30. apríl 2022 og nýir prófastar ráðnir samkvæmt starfsreglum þessum frá og með 1. maí 2022. Við þessa breytingu skal þess gætt að þeim próföstum sem nú gegna starfi verði boðið áframhaldandi starf samkvæmt hinum nýju starfsreglum.

Störf héraðspresta í Suður- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum verða lögð niður með sama hætti, nema um annað verði samið.

Greinargerð.

Hér er flutt tillaga að nýjum starfsreglum um prófaste þar sem lagðar eru til nokkrar áherslubreytingar á hlutverki og vali prófaste. Helstu nýmælin í þessum tillögum eru eftirfarandi:

a) *Fast starf*

Umfang prófastsembættanna hefur stöðugt verið að aukast á liðnum áratugum og próföstum sífellt falin aukin verkefni. Með þeim tillögum sem hér eru gerðar er því lagt til að embætti prófaste verði gert að föstu, sjálfstæðu starfi um leið og enn er bætt við verkefnum sem falin skuli próföstum, svipað og gert var í Noregi fyrir nokkrum árum. Það er þó ljóst, að aðstæður í prófastsdæmunum eru um margt mjög breytilegar. Til að mæta þessum mismunandi aðstæðum eru prófastsdæmin því flokkuð í þrjá flokka A, B og C. Í flokki A eru: Reykjavíkprófastsdæmi vestra, Reykjavíkprófastsdæmi eystra og Kjalarness-prófastsdæmi. Í flokki B eru: Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Suðurprófastsdæmi og í flokki C eru: Vesturlandsprófastsdæmi, Vestfjarðaprófastsdæmi, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og Austfjarðaprófastsdæmi.

Í prófastsdæmunum í flokki A er lagt til að embætti prófaste verði að fullu sjálfstætt starf og að hann njóti áfram stuðnings a.m.k. eins héraðsprests í fullu- eða hlutastarfi. Í prófastsdæmunum í flokki B er einnig að jafnaði gert ráð fyrir prófaste í fullu starfi, en þá er jafnframt almennt ekki gert ráð fyrir sérstakri þjónustu héraðspresta eins og nú er, heldur taki prófasturinn að mestu við verkefnum þeirra. Þó er ráð fyrir því gert að biskup Íslands geti ráðið héraðsprest eða falið einhverjum að prestum prófastsdæmisins héraðsprests skyldur, telji hann þörf fyrir slíkt og væri

prófastinum þá þess í stað falin önnur prestsþjónusta. Í fámennustu prófastsdæmunum í flokki C er svo gert ráð fyrir því, að prófastur gegni jafnframt annarri prestsþjónustu og/eða öðrum viðbótarskyldum skv. nánari ákvörðun biskups. Þar eru ekki héraðsprestar en hægt að fela einum eða fleiri prestum prófastsdæmisins viðbótarskyldur sem héraðsprestar.

Biskup setur hverjum prófasti erindisbréf þar sem nánar er fjallað um verkefni prófasts í viðkomandi prófastsdæmi. Er þá jafnframt ráð fyrir því gert, að hægt sé að fela próföstum og prófastsdæmum ýmis verkefni sem nú eru á hendi biskupsstofu eða annara aðila.

b) Val og hæfniskröfur

Lagt er til að embætti prófasts skuli auglýst með sambærilegum hætti og önnur prestsembætti og er embættið því opið öllum prestum, en ekki bara þjónandi prestum í prófastsdæminu eins og nú er. Þetta fyrirkomulag var tekið upp í Noregi fyrir nokkrum árum og þykir hafa gefist mjög vel. Jafnframt skuli gerðar vissar hæfniskröfur til umsækjenda, sem m.a. lúta að þekkingu og reynslu af stjórnunar- og skipulagsmálum sem og handleiðslu, sálgæslu og öðrum mannauðsmálum. Þetta atriði er mjög mikilvægt vegna þeirrar auknu aðkomu prófaste að mannauðs- og leiðtogastörfum sem þessar tillögur gera ráð fyrir. Ekki eru þó gerðar skýlausar kröfur um sérnám í þessum fræðum heldur talað um þekkingu og reynslu og síðan gert ráð fyrir markvissri starfsþjálfun og endurmenntun.

Biskup ræður prófast úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn sérstakrar ráðgjafanefndar, sem hann kallar sér til aðstoðar, og sömuleiðis getur hann eins og áður leitað umsagnar þjónandi presta, djákna og formanna sóknarnefnda í prófastsdæminu.

c) Aðsetur og aðstaða

Af þeim breytingum á starfi prófaste sem hér eru lagðar til leiðir, að mikilvægt er að staðsetja embætti þeirra á ákveðnum stöðum í hverju prófastsdæmi þar sem komið skal upp fastri starfsaðstöðu prófasts. Þetta var einmitt gert í Noregi og þótti mikið framfaraskref. Sé þetta ekki gert er í raun varla hægt að gera prófastsstarfið að fullu starfi sem hægt er að auglýsa. Þetta fyrirkomulag leiðir þá líka til mikils hagræðis og þá sérstaklega í dreifbýlinu, þar sem aðstaður eru þannig skv. núverandi starfsreglum, að prófastur getur hæglega verið staðsettur í jaðrinum á mjög víðfeðmu prófastsdæmi, sem leiðir þá til mikils óhagræðis í starfi og aukins kostnaðar. Því þótt fjarskipti séu góð koma þau aldrei í stað mannlegra samskipta og í þessu reglum er einmitt stefnt að því að prófastur verði mun virkari í öllum samskiptum innan

prófastsdæmisins eins og t.d. í sambandi við vísitasíur, regluleg starfsmannasamtöl, fundi með sóknarnefndum og formönnum þeirra svo og með öðru starfsfólki eftir því sem við getur átt. Í þessu samhengi skiptir staðsetninginn verulegu máli og eins það að hægt sé að byggja upp varanlega starfsaðstöðu prófastsdæmisins. Sömuleiðis hefur fylgt því mikið óhagræði í þéttbýlinu, að þurfa að leita að nýrri starfsaðstöðu í hvert sinn sem skipt er um prófast og hefur þá jafnvel þurft að innrétta fatahengi og geymslur sem skrifstofur eða jafnvel að hafa starfsaðstöðu prófastsdæmisins á fleiri en einum stað. Hér er því lagt til að starfsaðstöðu prófastsdæmisins verði, í samráði við héraðsnefnd, fundin varanleg staðsetning á þeim stað sem best þykir henta vegna þjónustunnar í hverju prófastsdæmi.

d) Starfsmannamál

Í þessum tillögum er skerpt á því hlutverki prófata að þeir hafi aga- og stjórnunarvald í umboði biskups Íslands sem millistjórnendur. Af því leiðir m.a. að þeim er falið aukið hlutverk í mannauðsmálum. Felur það t.d. í sér verulega aukna áherslu á starfsgæðasamtöl og sálgæslu við vígða þjóna prófastsdæmisins og umsjón með því að þeir hafi tækifæri til að njóta handleiðslu og annars stuðnings í starfi. Og sömuleiðis fela tillögurnar aukna áherslu á samráðsfundi og aðrar samverur með prestum, djáknum, sóknarnefndum og formönnum þeirra og öðrum starfsfólki safnaðanna. Með þessum áherslum er m.a. stefnt að því, að auka vellíðan fólks í starfi og koma í veg fyrir eða fækka a.m.k. verulega þeim erfiðu samstarfs- og ágreiningsmálum sem upp hafa komið innan kirkjunnar á síðustu áratugum og milda afleiðingar þeirra.

e) Starfsþjálfun og endurmenntun prófata

Hér er gerð tillaga um það, að þegar prófastur hefur verið valinn skuli hann hljóta sérstaka þjálfun til starfsins, sem m.a. annars felur í sér ýtarlega kynningu á starfsskyldum prófats og þeim starfsreglum sem um þjónustuna gilda. Einnig skuli hann fá þjálfun í sálgæslu, samtalstækni og sáttamiðlun eftir því sem við getur átt og njóta reglulegrar handleiðslu skv. ákvörðun biskups Íslands. Þá skuli biskup einnig sjá próföstum fyrir námskeiðum og annarri endurmenntun eftir því sem þurfa þykir. Þetta er mikilvæg forsenda fyrir því að hægt sé að auka hlutverk prófata í mannauðsmálum og gera þá almennt hæfari til þjónustu sinnar.

f) Skipting í prófastsdæmi

Hér eru ekki gerðar tillögur um endurskoðun á prófastsdæmaskipaninni, en þó hvatt til þess að það verði skoðað að nýta þá heimild sem þegar er til staðar í

starfsreglum, að skipa sérstakan prófast yfir sérþjónustu kirkjunnar þar sem hún er um margt eðlisólík safnaðarþjónustunni. Yrði sá prófastur þá valinn úr hópi sérþjónustuprestanna.

g) Kostnaður

Ekki er gert ráð fyrir því að mikill kostnaðarauki verði af því nýja fyrirkomulagi við prófastsþjónustuna sem hér er lagt til, jafnvel þótt starf prófaste verði gert að fullu starfi, þar sem nokkur starfsgildi héraðspresta yrðu þá lögð niður á móti. Sömuleiðis munu væntanlega skapast tækifæri til hagræðingar í prestsþjónustunni við þær breytingar sem hér yrðu gerðar og eins vakna margvíslegir möguleikar til hagræðingar með því að fela próföstum í fullu starfi ýmis verkefni sem nú eru á hendi biskupsstofu og/eða annara aðila. Þó má gera ráð fyrir að á einhverjum stöðum geti fylgt því nokkur stofnkostnaður að koma upp fastri starfsaðstöðu prófaste.

h) Gildistaka

Varðandi gildistöku þessara nýju reglna er hér gert ráð fyrir því að öll núverandi störf prófaste og héraðspresta, sem við á, verði lögð niður 30. apríl 2022 og nýir prófastar ráðnir 1. maí 2022. Þó þarf e.t.v. að skoða upphafsdagsetninguna betur, enda vel hugsanlegt að þörf sé fyrir lengri undirbúnings- og aðlögunartíma en hér er gert ráð fyrir. Eins er ráð fyrir því gert að þeim próföstum sem nú þjóna verði boðið að ljúka ferlinum í hinu nýja starfi. Helsti kosturinn við þessa útfærslu á gildistöku starfsreglnanna er sá, að hægt er að innleiða hið nýja fyrirkomulag á prófastsþjónustunni hratt og vel í einni samfelldri lotu.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Hér er ekki gerð tillaga að breyttri skipan prófastsdæma þótt hvatt sé til þess, að skoðað verði hvort rétt sé að stofna sérstakt prófastsdæmi sérþjónustunnar sbr. heimildarákvæði í 2. gr. Kæmi sá prófastur þá úr hópi sérþjónustupresta.

Um 2. gr.

Hér er skerpt á þeirri áherslu að prófastur hafi sem trúnaðarmaður biskups Íslands ákveðið aga- og stjórnunarvald í prófastsdæminu.

Þá er gert ráð fyrir því, að ef ekki er ráðinn sérstakur prófastur yfir sérþjónustuna þá skuli prestur innflytjenda og þjónusta við alþjóðlega söfnuðinn heyra undir umsjón Reykjavíkurprófastsdæmi eystra enda er miðstöð þeirrar þjónustu staðsett í Breiðholtskirkju.

Einnig er kveðið á um það, að þegar nýr prófastur hefur verið valinn skuli hann hljóta sérstaka þjálfun til starfsins, sem m.a. annars felur í sér kynningu á starfsskyldum prófasts og þeim starfsreglum sem um þjónustuna gilda og þjálfun í sálgæslu, samtalstækni og sáttamiðlun eftir því sem við getur átt hverju sinni. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að biskup Íslands sjái til þess að prófastur njóti handleiðslu og fái tækifæri til endurmenntunar eftir því sem þurfa þykir.

Loks er kveðið á um það, að biskup setji hverjum prófasti erindisbréf þar sem nánar er fjallað um þau verkefni sem sérstaklega varða þjónustu hans í prófastsdæminu. Er þá jafnframt ráð fyrir því gert, að hægt sé að fela próföstum ýmis verkefni sem nú eru á hendi biskupsstofu eða annara aðila.

Um 3. gr.

Lagt er til að ákveðin verði hagkvæm, föst og miðlæg staðsetning prófasta í prófastsdæmunum þar sem sköpuð verði viðunandi starfsaðstaða líkt og gert hefur verið í Noregi, en þar hefur það fyrirkomulag gefist mjög vel

Um 4. gr.

Hér er lagt til að embætti prófasts sé sjálfstætt og fullt starf í fjölmennari prófastsdæmunum (flokkar A og B) en að í hinum fámennari (flokkur C) skuli prófastur einnig gengna annarri prestsþjónustu og/eða öðrum viðbótarskyldum skv. nánari ákvörðun biskups.

Þá er kveðið á um það, að í fjölmennustu prófastsdæmunum (flokkur A) skuli áfram vera héraðsprestar, eftir aðstæðum í fullu- eða hlutastarfi, en að í fámennari prófastsdæmunum, þar sem nú eru héraðsprestar (flokkur B) komi prófastarnir almennt í stað héraðsprestanna.

Í fámennustu prófastsdæmunum (flokkur C) er svo gert ráð fyrir því að tengja skuli prófastsembættið við prestsstöðu í tilteknu prestakalli, eins og gert var á stöku stað í Noregi, og/eða fela þeim aðrar viðbótarskyldur.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að embætti prófasts skuli auglýst með sambærilegum hætti og önnur prestsembætti og jafnframt að gerðar skuli sérstakar hæfniskröfur sem lúta að stjórnunar- og skipulagshæfileikum, sem og þekkingu og reynslu af handleiðslu, sálgæslu og öðrum mannauðsmálum.

Sömuleiðis er lagt til að biskup ráði prófast úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn sérstakrar ráðgjafanefndar, sem hann kallar sér til aðstoðar við það að meta

hæfni þeirra til þjónustunnar. Sömuleiðis getur biskup leitað álits þjónandi presta, djákna og formanna sóknarnefnda í prófastsdæminu.

Um 6. gr.

Þessi grein er óbreytt frá núverandi starfsreglum.

Um 7. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt frá núverandi starfsreglum þótt ekki sé lengur vísað beint til stjórnsýslulaga.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um það, að prófastur sé leiðtogi vígðra þjóna prófastsdæmisins. Þá er kveðið á um það með skýrari hætti enn áður hefur verið, að prófastur skuli eiga regluleg starfsmannasamtöl við vígða þjóna prófastsdæmisins eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Og að hann skuli sömuleiðis eiga reglulega fundi með prestum, djáknum, sóknarnefndum og formönnum þeirra og öðru starfsfólki safnaðanna, eftir því sem við getur átt. Og að honum beri að sjá til þess að prestar og djáknar njóti handleiðslu og annars þess stuðnings í starfi sem þörf er á. Þá skuli hann beita sér fyrir námskeiðahaldi til fræðslu fyrir presta, starfsfólk safnaða og aðra sem taka þátt í starfi kirkjunnar.

Önnur ákvæði í greininni eru óbreytt frá fyrri starfsreglum.

Um 9. gr.

Þessi grein er óbreytt frá núverandi starfsreglum að öðru leyti en því að hér er einnig fjallað um aðstoð við vísitasíur vígslubiskupa.

Um 10. - 12. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar frá núverandi starfreglum.

Um 13. og 14. gr.

Þessar greinar eru efnislega samhljóða núverandi starfsreglum en orðalagi þó aðeins breytt.

Um 15. gr.

Þessi grein eru óbreytt frá núverandi starfsreglum að öðru leyti en því að við bætist ákvæði um síðari hluta starfsþjálfunar óvígðra kandiðata.

Um 16. - 18. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar frá núverandi starfsreglum.

Um 19. gr.

Þessi grein er óbreytt frá núverandi starfsreglum nema hvað fellt er brott ákvæði um úttekt á bókasafni prestakalls, þar sem lög um bókasöfn prestakalla nr. 17/1931 féllu niður með nýjum þjóðkirkjulögum Sömuleiðis er 24. gr. fyrri starfsreglna felld niður vegna niðurfellingar þessara sömu laga. Hvað varðar úttekt á kirkju þegar hún hefur verið afhent söfnuði er felld brott lagatilvísun það sem lög um umsjón og fjárhald kirkna nr. 22/1907, hafa verið felld úr gildi.

Um 20. - 23. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar frá núverandi starfsreglum.

Um 24. gr.

Þessi grein er að hluta samhljóða 25. gr. fyrri starfsreglna en þó er fellt niður ákvæði um áritun á bókaskrá prestakalls en hins vegar bætt við ákvæði um áritun prestsþjónustubóka.

Um 25. gr.

Þessi grein er óbreytt frá núverandi starfsreglum.

Um 26. gr.

Þessi grein er óbreytt frá núverandi starfsreglum að öðru leyti en því að bætt er við ákvæði um að prófastur hafi umsjón með skilum á ársreikningum sókna, kirkjuarða og kirkjumíðstöðva. Einnig að hann staðfesti akstursbækur presta hafi biskup falið próföstum það. Þá er honum falin upplýsingamiðlun til sóknarprests og kjörprests um leysing sóknarbands og afturköllun hennar. Kveðið var á um þessar skyldur prófast í lögum um leysing á sóknarbandi nr. 9/1882 sem féllu á brott við gildistöku nýrra þjóðkirkjulaga. Ákvæði laganna verða færð í starfsreglur um sóknir og sóknarnefndir.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. – 29. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar frá núverandi starfsreglum.

Um 30. gr.

Þessi grein er óbreytt frá núverandi starfsreglum.

Um 31. gr.

Hér er kveðið á um að þessar starfsreglur taki gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar og komið þá í stað eldri starfsreglna um prófafa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Hér er kveðið á um það, að öll núverandi prófastsstörf verði lögð niður í núverandi mynd frá og með 30. apríl 2022 og nýir prófastar ráðnir samkvæmt starfsreglum þessum frá og með 1. maí 2022. Skal þá öllum núverandi próföstum boðið áframhaldandi starf samkvæmt hinum nýju reglum. Sömuleiðis er ráð fyrir því gert að störf héraðspresta í Suður- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum verða lögð niður með sama hætti, nema um annað verði samið.